Leikskólinn Álfatún



Leikskólar Kópavogs
Starfsáætlun 2026 – 2027

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11 2026

Efnisyfirlit

1. Formáli ... 3
2. Inngangur ... 3
3. Skólastarfið/Leiðarljós ... 3
4. Mat á skólastarfi ... 9
Innra mat leikskólans ... 10
Ytra mat ... 15
5. Umbótaáætlun ... 15
6. Áherslur í starfi leikskólans ... 15
7. Þróunar- og nýbreytnistarf ... 16
8. Foreldrasamstarf ... 17
Foreldraráð ... 17
Foreldrafélag ... 17
10. Símenntunaráætlun ... 18
Skipulagsdagar ... 18
11. Aðrar upplýsingar ... 20
12. Húsnæði og lóð ... 20
Ósk um viðhald skólaárið 2026 – 2027 ... 20
13. Öryggismál ... 21
14. Lokaorð ... 21
15. Fylgigögn ... 21
Fylgiskjal 1 – Umbótaáætlun ... 22
Fylgiskjal 2 - Símenntunaráætlun ... 23
Fylgiskjal 3 - Skóladagatal 2025-2026 ... 25
Fylgiskjal 4 - Umsögn foreldraráðs ... 26

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11 2026

1. Formáli

Markmið starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissari með skýrum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Ákveðnar leiðir eru farnar til að ná þeim markmiðum og áherslum sem settar eru hverju sinni, með hliðsjón af aðalnámskrá, námskrá leikskóla Kópavogs og skólanámskrá leikskólans. Starfsáætlunin veitir starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum upplýsingar um starfsemi leikskólans. Í henni er fjallað um hvernig faglegt starf er skipulagt, hvernig það gekk á síðastliðnu skólaári og hvernig unnið verður að umbótum.

Foreldraráð leikskólans gefur umsögn um starfsáætlunina, sem síðan fer til samþykktar hjá skólanefnd Kópavogs. Frekari upplýsingar um leikskólann, stefnu hans, dagskipulag og foreldrasamstarf má finna í skólanámskrá leikskólans og á heimasíðu hans.

2. Inngangur

Undanfarin þrjú ár hefur verið unnið markvisst að innleiðingu Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna í samstarfi við UNICEF, með áherslu á réttindi barna og virka þátttöku þeirra í leikskólastarfinu. Leikskólinn hlaut viðurkenningu sem Réttindaskóli í júní 2026, sem markar mikilvægan áfanga í þessari þróunarvinnu. Á öllum deildum hefur verið unnið með Barnasáttmálann á meðvitaðan og markvissan hátt og hefur stofnun réttindaráðs barna styrkt rödd þeirra í daglegu starfi.

Skólaárið 2025–2026 reyndist krefjandi að ýmsu leyti, meðal annars vegna umfangsmikilla framkvæmda í húsnæði leikskólans sem höfðu áhrif á starfsemi og skipulag. Gripið var til ýmissa aðgerða, þar á meðal viðgerða, rýmingar á rýmum og tímabundinna flutninga deilda. Starfsemi deildanna Bóls og Lækjar fór tímabundið fram í Furugrund 3 frá miðjum janúar fram í miðjan apríl. Unnið hefur verið markvisst að því að koma starfseminni aftur í eðlilegt horf, þó enn sé verið að aðlaga og skipuleggja rými á miðhæð hússins.

Starfsmannahald var einnig krefjandi um tíma, meðal annars vegna langtímaveikinda, en staðan hefur þó batnað og flestir starfsmenn snúið aftur til starfa. Ráðning aðstoðarleikskólastjóra í lok árs 2025 hefur styrkt stjórnendateymi leikskólans.

Á skólaárinu 2026–2027 verður áfram lögð áhersla á faglega þróun og umbætur í starfi leikskólans. Leikskólinn tekur þátt í tveggja ára þróunarverkefni um innleiðingu lausnahringsins í samstarfi við aðra leikskóla í Kópavogi. Jafnframt verður unnið áfram að endurskoðun skólanámskrár með það að markmiði að ljúka þeirri vinnu á skólaárinu.

3. Skólastarfið/Leiðarljós

Einkunnarorð Álfatúns eru *umhyggja, traust og jákvæðni*. Starf leikskólans byggir meðal annars á útiveru, þar sem börn fá tækifæri til að njóta náttúrunnar, fylgjast með breytingum í umhverfi sínu og upplifa ævintýri utan leikskólagarðsins. Slík reynsla eflir félagsþroska, samvinnu og ábyrgð.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

Lögð er rík áhersla á málörvun, þar sem unnið er með tungumálið í gegnum leik, lestur, söng og fjölbreytt verkefni. Einnig er lögð áhersla á skapandi starf þar sem börn fá að uppgötva, rannsaka og vinna með mismunandi efnivið. Í starfseminni er lögð sérstök áhersla á leikinn sem megin námsleið barna, en í gegnum leikinn er unnið markvisst að markmiðum aðalnámskrár leikskóla.

Leikskólastarf Álfatúns byggir á sex grunnþáttum menntunar sem fléttaðir eru inn í daglegt starf: læsi og samskipti, heilbrigði og velferð, sköpun, sjálfbærni, lýðræði og jafnrétti.

Læsi og samskipti

Læsi felst meðal annars í því að lesa í umhverfi, aðstæður, tilfinningar og ýmis tákn. Samskipti fela í sér að tjá sig, hlusta á aðra og taka þátt í samræðum. Í Álfatúni er lögð áhersla á að efla læsi og samskipti í gegnum daglegt starf, leik og markvissa málörvun.

Markmið:
Að við lok leikskólagöngu hafi börnin öðlast þekkingu, leikni og hæfni til að lesa í umhverfi sitt og tjá tilfinningar, hugmyndir og skoðanir á fjölbreyttan hátt.

Leiðir:

- Nota sjónrænt dagsskipulag á öllum deildum
- Bjóða daglega upp á skipulagðar stundir með áherslu á málörvun út frá þörfum hvers barns
- Gera ritmál og myndmál sýnilegt í umhverfinu
- Merkja leikefni með myndum og texta
- Hvetja öll börn til að tjá sig í gegnum tal, myndir, hreyfingu og sköpun
- Nýta nærumhverfi leikskólans til að efla læsi og samskipti

1-3 ára börn. Lind, Björk og Hlíð

Endurmat skólaárið 2025–2026

Unnið var markvisst með málörvun í gegnum daglegt starf, m.a. í leik, söng, sögustundum og samveru. Tákn með tali var nýtt í daglegum aðstæðum og áfram var unnið með Lubba og málbeinið. Lögð var áhersla á orðaforða, tjáningu og félagsfærni, auk þess sem sjónrænt dagskipulag og merkingar í umhverfinu voru efldar. Samvinna og samskipti milli barna voru í brennidepli. Tækifæri eru til að efla gönguferðir og skipulagðar útiverustundir.

Áherslur 2026–2027

- Efla áfram sjónrænt skipulag og merkingar í umhverfi
- Auka notkun myndmáls og tengja það daglegu starfi og verkefnum
- Styrkja málörvun með fjölbreyttum leiðum (söngur, lestur, leikur)
- Auka útiveru og nýtingu nærumhverfis til málörvunar

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11 2026

- Styðja börn í að tjá sig og taka þátt í samskiptum

3-6 ára börn. Ból og Lækur

Endurmat skólaárið 2025–2026
Málörvun var samþætt daglegu starfi, m.a. í leik, hópastarfi, samverustundum og vettvangsferðum. Ritmál var gert sýnilegt og börn hvött til tjáningar í gegnum leik, sögur og skapandi starf. Unnið var með fjölbreytt þemu, félagsfærni, tilfinningalæsi og Barnasáttmálann. Notkun Lubba og skipulagðar málörvunarstundir stuðluðu að auknum áhuga á málhljóðum og orðaforða. Tækifæri eru til að efla samvinnuverkefni milli deilda og vinnu með rím, vísur og málhljóð.

Áherslur 2026–2027

- Auka áherslu á rím, vísur, hljóðkerfisvitund og málhljóð
- Styrkja samvinnuverkefni og samskipti milli barna
- Efla skapandi tjáningu og notkun máls í leik og verkefnum
- Viðhalda og þróa málörvunarverkefni (t.d. Lubbi)
- Dýpka tengsl við samfélag og nærumhverfi í verkefnavinnu

Heilbrigði og velllíðan: Í leikskólanum læra börn um og tileinka sér heilbrigða lífshætti. Hreyfing og vellíðan hafa jákvæð áhrif á samskipti barna, umgengni þeirra við umhverfi sitt og hæfni þeirra til að takast á við daglegt líf. Lögð er áhersla á líkamlega umhirðu og sjálfshjálp, umhyggju og félagsleg tengsl. Einnig útivist, tengingu við náttúruna og hreyfingu.

Lykilatriði í heilbrigði og vellíðan er mataræði, hreyfing og hvíld en einnig að finna fyrir öryggi. Við tökum vel á móti öllum börnum, sýnum þeim umhyggju og byggjum upp traust.

Markmið: Að daglegar athafnir í leikskólanum stuðli að líkamlegri og andlegri velllíðan barna og góðri heilsu.

Leiðir:

- Öll börn fari út a.m.k. einu sinni á dag.
- Boðið sé upp á góðan og næringarríkan mat.
- Öll börn fái hvíld/rólega stund daglega.
- Umhyggja sé leiðarljós í öllu starfi.
- Öll börn séu hvött til sjálfshjálpar.

1-3 ára börn: Lind, Björk og Hlíð

Endurmat skólaárið 2025–2026

Útivist var daglegur hluti af starfinu, oft tvisvar á dag, og salurinn var nýttur reglulega í hreyfistundir. Börnin voru hvött til sjálfshjálpar og tóku framförum í að klæða sig, skammta sér og nota áhöld. Lögð var áhersla á félagsleg tengsl, umhyggju og vellíðan barna.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11 2026

Áherslur 2026–2027

- Efla áfram sjálfshjálp í daglegum aðstæðum
- Auka skipulagðar hreyfistundir, sérstaklega fyrir eldri börnin
- Nýta salinn markvissar til hreyfileikja og hreyfiþroska
- Styðja áfram jákvæð samskipti og félagslega færni
- Viðhalda daglegri útivist og fjölbreytni í hreyfingu

3 – 6 ára börn: Ból og Lækur

Endurmat skólaárið 2025–2026

Börnin nutu daglegrar útiveru, bæði í leikskólagarði og í nærumhverfi, þar sem lögð var áhersla á hreyfingu, leik og tengsl við náttúruna. Sjálfshjálp, samvinna og tilfinningalæsi voru í forgrunni. Unnið var með slökun, m.a. jóga á Bóli, og börnin fengu tækifæri til að takast á við áskoranir í leik og starfi.

Áherslur 2026–2027

- Halda áfram að efla útivist og hreyfingu í fjölbreyttu umhverfi
- Bjóða upp á lengri gönguferðir sem efla þrek og sjálfstæði
- Auka notkun slökunar, jóga og hugleiðslu
- Styrkja líkamsvitund og vellíðan barna
- Efla samstarfsverkefni við nærliggjandi leikskóla

Sköpun og menning: Sköpun og skapandi hugsun eru mikilvægir þættir í námi og þroska barna. Í sköpun felst að uppgötva, rannsaka og nýta ímyndunaraflið til að skapa og prófa nýjar leiðir. Menning er hluti af daglegu lífi leikskólans, þar sem áhersla er lögð á virðingu, traust og jafnrétti.

Markmið:
Að umhverfi leikskólans örvi skynjun, forvitni og sköpunarkraft barna.

Leiðir:

- Nýta fjölbreyttan og opinn efnivið, m.a. úr náttúrunni
- Bjóða upp á efnivið sem hvetur til skapandi hugsunar og tilrauna
- Styðja börn í að tjá hugmyndir sínar í gegnum leik, listsköpun og samtal
- Hvetja til forvitni, uppgötvunar og gagnrýninnar hugsunar

1-3 ára börn: Björk, Lind og Hlíð

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

Endurmat skólaárið 2025–2026

Lögð var áhersla á skynjun og rannsóknir með fjölbreyttum efnivið, sérstaklega úr náttúrunni. Börnin fengu tækifæri til að kanna áferð, lögun og eiginleika mismunandi efna. Opinn efniviður var nýttur til að styðja við leik og sköpun.

Áherslur 2026–2027

- Halda áfram að vinna með opinn og fjölbreyttan efnivið
- Auka aðgengi að náttúruefnivið
- Endurskipuleggja listaskála til að styðja betur við skapandi starf
- Gera skriffæri og skapandi efnivið aðgengilegri fyrir börn

3-6 ára börn. Ból og Lækur

Endurmat skólaárið 2025–2026

Unnið var með skapandi starf sem byggði á forvitni, frumkvæði og þátttöku barna. Börnin fengu tækifæri til að vinna með fjölbreyttan efnivið, tjá sig í gegnum list, leik og umræður og tengja verkefni við náttúruna og samfélagið. Unnið var með tilfinningar, fjölbreytileika og menningu í gegnum þemaverkefni.

Áherslur 2026–2027

- Halda áfram að efla skapandi og gagnrýna hugsun
- Byggja verkefni á áhuga og hugmyndum barna
- Tengja skapandi starf við menningu, samfélag og daglegt líf
- Efla tjáningu barna í gegnum fjölbreytta miðla (myndlist, leik, sögur o.fl.)
- Styðja við sjálfstraust og frumkvæði í skapandi starfi

Sjálfbærni og vísindi: Sjálfbærni og vísindi felast í að börn fái tækifæri til að kanna, rannsaka og skilja umhverfi sitt. Í gegnum leik og daglegt starf læra börn að virða náttúruna, spyrja spurninga og þróa með sér forvitni og áhuga á því sem gerist í kringum þau.

Markmið:
Að umhverfi leikskólans og efniviður veki forvitni, efli rannsóknarhug og stuðli að virðingu fyrir náttúru og umhverfi.

Leiðir:

- Efla umhverfisvitund og ábyrgð í daglegu starfi
- Nýta nærumhverfi leikskólans til athugana og rannsókna
- Hvetja börn til að spyrja spurninga og skoða eiginleika efna og fyrirbæra

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

- Nýta fjölbreyttan efnivið í tilraunum og könnun
- Taka tillit til umhverfisins í leik og starfi

1 – 3 ára börn: Lind, Hlíð og Björk

Endurmat skólaárið 2025–2026

Börnin fengu tækifæri til að kynnast náttúrunni í gegnum skynjun og leik. Unnið var með fjölbreyttan efnivið, svo sem vatn, sand, snjó og steina, sem hvatti til forvitni og könnunar. Einfaldar tilraunir og upplifanir með ljós og skugga studdu við reynslu barnanna.

Áherslur 2026–2027

- Efla notkun fjölbreytts og náttúrulegs efniviðar
- Styðja við skynjun, könnun og einfaldar tilraunir
- Fara oftar í stuttar gönguferðir utan leikskólagarðs og nýta nærumhverfið markvissara

3-6 ára börn: Ból og Lækur

Endurmat skólaárið 2025–2026

Unnið var með náttúruna sem vettvang fyrir rannsóknir og nám. Börnin fengu tækifæri til að fylgjast með breytingum í umhverfinu, gera tilraunir og vinna með stærðfræði og vísindi í gegnum leik og verkefni. Áhersla var lögð á að efla skilning á tengslum manns og náttúru.

Áherslur 2026–2027

- Halda áfram að efla umhverfismenntun og útivist
- Nýta náttúruna sem vettvang fyrir rannsóknir og verkefni
- Efla samræður um umhverfismál og ábyrgð
- Hvetja börn til eigin athugana, spurninga og tilrauna
- Leggja áherslu á að minnka sóun og efla umhverfisvitund

Lýðræði og jafnrétti: Lýðræði í leikskólastarfi felst í því að börn fái tækifæri til að hafa áhrif á daglegt starf og upplifi að á skoðanir þeirra sé hlustað. Jafnrétti felur í sér virðingu fyrir manngildi hvers barns óháð bakgrunni, getu eða aðstæðum. Í Álfatúni er lögð áhersla á að efla sjálfstæði, samkennd og virka þátttöku barna í samfélaginu.

Markmið:
Að börn upplifi öryggi, virðingu og að þau hafi áhrif á eigið leikskólastarf.

Leiðir:

- Hlusta á börn og taka tillit til skoðana þeirra í daglegu starfi

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

- Hvetja börn til þátttöku í ákvörðunum sem varða leik og starf
- Styðja börn í samskiptum og lausn ágreinings
- Efla sjálfstæði og ábyrgð í gegnum daglegar athafnir
- Sýna virðingu fyrir fjölbreytileika og ólíkum bakgrunni barna

1 – 3 ára börn: Lind, Hlíð og Björk

Endurmat skólaárið 2025–2026

Lögð var áhersla á umhyggju, traust og jákvæð samskipti. Börnin fengu aukin tækifæri til að velja í daglegum aðstæðum, svo sem leikföng, sæti og þátttöku í starfi. Unnið var með réttindi barna og stuðlað að því að þau læri að eiga samskipti og takast á við einfaldan ágreining.

Áherslur 2026–2027

- Halda áfram að efla sjálfstæði barna í daglegum aðstæðum
- Styðja börn í samskiptum og tjáningu tilfinninga
- Auka þátttöku barna í einföldum ákvörðunum
- Halda áfram með innleiðingu á Barnasáttmálanum í starfi

3-6 ára börn: Ból og Lækur

Endurmat skólaárið 2025–2026

Unnið var markvisst með Barnasáttmálann og réttindi barna. Stofnað var réttindaráð barna sem styrkti þátttöku þeirra í ákvörðunum. Lögð var áhersla á vináttu, samvinnu, tilfinningalæsi og að bera virðingu fyrir öðrum.

Áherslur 2026–2027

- Efla áfram félagsfærni, vináttu og samvinnu
- Styrkja réttindaráð barna og þátttöku í ákvarðanatöku
- Innleiða barnaþing sem vettvang fyrir raddir barna
- Auka meðvitund barna um réttindi, ábyrgð og lýðræði
- Styðja börn í að setja mörk og virða mörk annarra

4. Mat á skólastarfi

Mat á skólastarfi hefur það að markmiði að tryggja gæði starfsins, styðja við faglega þróun og efla vellíðan barna og starfsfólks. Með markvissu mati er stuðlað að umbótum og tryggt að starf leikskólans sé í samræmi við lög, reglugerðir og aðalnámskrá leikskóla.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

Innra mat leikskólans

Innra mat er skipulagt og stöðugt ferli sem byggir á viðmiðum úr aðalnámskrá, skólanámskrá og starfsáætlun leikskólans. Matið veitir upplýsingar um starfshætti, leiðir til umbóta og þróun starfsins.

Áherslur í mati felast í:

- stöðu, framförum og líðan barna
- faglegu starfi og stefnu leikskólans
- stjórnun og starfsanda
- viðhorfum foreldra

Leikskólastjóri ber ábyrgð á innra mati en matsteymi leikskólans sér um skipulag og framkvæmd þess í samvinnu við allt starfsfólk.

Áhersla í innra mati 2026–2027:
Sérstök áhersla verður lögð á mat á heilsu og vellíðan barna, með stuðningi matslista frá menntasviði Kópavogs.

Matsþættir	2026-2027	2027-2028	2028-2029	2029-2030
Stjórnun				
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi	x		x	
Stjórnun skólans og daglegur rekstur	x		x	
Faglegt samstarf		x		x
Leikskólaþróun og símenntun	x	x	x	x
Skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur	x	x	x	x
Uppeldis- og menntastarf				
Skipulag náms og námsaðstæður	x	x	x	x
Uppeldi, menntun og starfshættir	x	x	x	x
Leikur og nám – lýðræði, jafnrétti og þátttaka	x	x	x	x
Námssvið leikskólans	x	x	x	x
Leikskóli margbreytileikans	x	x	x	x
Mat á námi og velferð barna	x	x	x	x
Mannauður				
Hlutverk leikskólakennara		x		x
Fagmennska starfsfólks		x		x
Starfsánægja		x		x
Leikskólabragu				
Viðmót og menning	x		x	
Velferð og líðan barna	x	x	x	x
Þátttaka foreldra í leikskólastarfi	x		x	
Viðhorf foreldra	x	x	x	x
Innra mat				
Skipulag og viðfangsefni	x	x	x	x
Gagnaöflun og vinnubrögð	x	x	x	x

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11 2026

Opinber birting og umræður	x	x	x	x

Innra mat 2025-2026

Áherslur í mati á starfsemi leikskólans Álfatúns snúa að stöðu, framförum og líðan barna, markmiðum og stefnu leikskólans, stjórnun og vellíðan starfsfólks, sem og viðhorfum foreldra. Staða og líðan barna eru metin jafnt og þétt yfir skólaárið með markvissum samtölum, skimunum og greiningu eftir þörfum. Mat á stjórnun, líðan starfsfólks og viðhorfum foreldra er framkvæmt með könnunum á vegum Kópavogsbæjar. Starfsmannasamtöl fara fram í júní og ágúst, þar sem ekki náðist að ljúka þeim að fullu á vormánuðum.

Leikskólastjóri ber ábyrgð á innra mati, en matsteymi leikskólans sér um skipulagningu og framkvæmd þess í samvinnu við allt starfsfólk. Markmið matsins er að móta sameiginlega matsáætlun þar sem skilgreindir eru þeir þættir sem meta skal á hverju skólaári, auk þátta sem eru metnir með lengra millibili, sem og grunnþættir menntunar. Í matsteyminu situr einn kennari af hverri deild ásamt leikskólastjóra / aðstoðarleikskólastjóra

Læsi og samskipti 2025-2026

Unnið var markvisst með málörvun á öllum deildum. Niðurstöður benda til þess að efla þurfi frekar notkun rím, vísna og fjölbreytts máls, auk þess að bæta sýnileika ritmáls í umhverfinu.

Matið var unnið út frá matslistum frá menntasviði. Á öllum deildum var unnið með læsi og samskipti með því að læra að lesa í umhverfi, aðstæður, tilfinningar og ýmis tákn. Lögð var áhersla á að nýta dagleg tækifæri til samræðna og hvetja börnin til jákvæðra samskipta. Lubbi var notaður á öllum deildum til að styðja við vinnu með málhljóð og orðaforða.

Í matinu kom fram að efla megi notkun þulna og rímtexta enn frekar. Þá er þörf á að bæta aðgengi að ritmáli og bókstöfum, sérstaklega á eldri deildum, eftir framkvæmdir í húsnæði.

Bókavogur var verkefni á vormánuðum sem allir leikskólar í Kópavogi tóku þátt í. Í Álfatúni var lögð áhersla á að hvetja foreldra til að lesa með börnum sínum heima. Börnin fengu svokölluð Lubbabein þar sem skráðar voru þær bækur sem lesnar voru heima og voru þau hengd upp í leikskólanum. Mikil þátttaka og áhugi var meðal foreldra og barna.

Endurmat og sjálfsmat kennara:

Undanfarin þrjú ár hefur verið unnið markvisst með Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna með það að markmiði að innleiða réttindamiðað starf og verða Réttindaskóli UNICEF. Í þeirri vinnu hefur verið lögð áhersla á að hlusta á raddir barna, efla þátttöku þeirra í daglegri ákvarðanatöku og auka meðvitund um réttindi barna.

Skólaárið 2025–2026 var sett fram aðgerðaráætlun þar sem lögð var áhersla á fjóra meginþætti: að börn þekki réttindi sín, að starfsfólk fái fræðslu, að réttindaráð barna verði stofnað og að kynna Barnasáttmálann fyrir foreldrum.

Í endurmati kom fram að þessi vinna hefur gengið vel. Barnasáttmálinn var sýnilegur í umhverfi leikskólans og skipulagsdagar nýttir til fræðslu og umræðu starfsfólks. Réttindaráð barna var

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

stofnað og deildarstjórar miðluðu reglulega efni til starfsfólks um verkefnið. Einnig var unnið að kynningu verkefnisins til nýs starfsfólks og foreldra.

Sótt var um viðurkenningu sem Réttindaskóli UNICEF í maí 2026. Leikskólinn stóðst matið og fékk viðurkenninguna afhenta 16. júní 2026.

Yngstu börn leikskólans

Björk: Lögð var áhersla á að efla þátttöku barna í daglegum aðstæðum, meðal annars við val á leikföngum og sætum í matartímum. Börnin eru almennt glöð og vel aðlöguð og aðlögun nýrra barna gekk vel. Samskipti við foreldra eru góð vegna nálægðar í daglegu starfi og dagskipulag er fyrirsjáanlegt.

Tækifæri til umbóta felast meðal annars í auknu aðgengi að skapandi efnivið, meiri hópaskiptingu og markvissari vinnu með orðaforða og verkefni í litlum hópum. Þá má efla merkingar í umhverfinu og bæta fjölbreytni leikefnis. Einnig er stefnt að því að hefja gönguferðir fyrr á skólaárinu og auka fjölbreytni í útiveru.

Hlíð: Unnið var með réttindi barna í daglegu starfi, með áherslu á val, sjálfshjálp og þátttöku í ákvörðunum. Börnin fengu tækifæri til að velja meðal annars útifatnað, verkefni og setu í daglegum aðstæðum. Lögð var áhersla á samskipti, sjálfstæði og fjölbreytt viðfangsefni.

Það sem gekk vel var gott flæði í starfinu, fjölbreytt verkefni og rík áhersla á útiveru, þar sem börnin fengu góðan tíma til að æfa sjálfshjálp. Tækifæri til umbóta felast í aukinni vinnu með rím, vísur og fjölbreyttara mál, auk þess að styðja sérstaklega við þau börn sem þurfa meiri hvatningu til tjáningar. Einnig er mikilvægt að tryggja að leikefni og bækur séu aðgengileg í hæð barna.

Lind: Unnið var með réttindi barna og lýðræði í gegnum leik og samverustundir, með áherslu á vináttu, samskipti og sjálfstæði.

Aðlögun gekk vel og mynduðust góð tengsl milli barna og starfsfólks.Lögð var áhersla á lestur og samskipti, en tækifæri eru til að auka fjölbreytni í söngvum og bókavali, sem og að efla notkun þulna. Þá má skipuleggja hópastarf betur með aukinni hópaskiptingu og fara oftar yfir dagskipulag með börnunum. Einnig er stefnt að því að hefja gönguferðir fyrr og bjóða upp á fjölbreyttara efni í starfinu.

Samstarf deilda

Samstarf milli yngri deilda var gott, sérstaklega milli Hlíðar og Lindar. Tækifæri eru til að efla enn frekar samstarf milli deilda, til dæmis í gegnum sameiginleg verkefni og þemavinnu.

Eldri börn leikskólans

Ból: Unnið var markvisst með læsi, samskipti og félagsfærni í daglegu starfi. Börnin fengu tækifæri til að tjá sig, taka þátt í samræðum og hafa áhrif á eigið leikskólastarf. Lögð var áhersla á sjálfstæði, samvinnu og lausn ágreinings.

Það sem gekk vel var fjölbreytt starf með góðu flæði og virkri þátttöku barna. Börnin sýndu aukinn áhuga á málörvun, leik og verkefnum og tóku góðum framförum í samskiptum.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11 2026

Tækifæri til umbóta felast í að efla enn frekar vinnu með hljóðkerfisvitund, rím og vísur, auk þess að styrkja samvinnuverkefni og dýpka umræðu og gagnrýna hugsun í hópastarfi.

Lækur: Unnið var með læsi, samskipti og skapandi starf með áherslu á þátttöku barna, frumkvæði og sjálfstæði. Börnin fengu tækifæri til að vinna með fjölbreytt verkefni og tjá sig í gegnum leik, skapandi starf og samtal.

Það sem gekk vel var góð tengslamyndun, jákvæð samskipti og virkt nám í gegnum leik. Börnin sýndu sjálfstæði í verkefnavinnu og tóku virkan þátt í daglegu starfi.

Tækifæri til umbóta felast í að efla frekar fjölbreytt verkefni sem styðja við málþroska, ritmál og tjáningu, auk þess að styrkja hópastarf og skipulag verkefna með skýrari markmiðum.

Samantekt eldri deilda

Á eldri deildum var unnið markvisst með læsi, samskipti og félagsfærni í gegnum leik og daglegt starf. Börnin fengu aukin tækifæri til þátttöku og sjálfstæðis og sýndu góðar framfarir í samskiptum og námi.

Tækifæri liggja í því að efla frekar málörvun, sérstaklega með áherslu á rím, hljóðkerfisvitund og ritmál, ásamt því að þróa áfram samvinnu milli deilda, hópastarf og dýpka verkefnavinnu.

Lubbi finnur málbein:

Yngri deildir – Björk, Hlíð og Lind

Verkefnið gekk vel og börnin sýndu áhuga á Lubbastundum, hlustuðu á lög, sungu og kynntust bókstöfum og málhljóðum. Stundirnar voru jákvæðar og skemmtilegar fyrir börnin.

Tækifæri til umbóta felast í að þróa fjölbreyttari efnivið og nálgun í verkefninu, auk þess að efla fræðslu fyrir starfsfólk. Skipulag verkefnisins hefur reynst vel og verður áfram unnið út frá því. Einnig er stefnt að því að lengja tímabil verkefnisins fram á sumar.

Eldri deildir – Ból og Lækur

Unnið var með Lubbastundir á deildum þar sem einn hópur vann markvisst með eitt málhljóð í viku og náði góðum árangri í að efla áhuga barna á bókstöfum, hljóðum og orðaforða. Á öllum deildum var unnið með söng og bókstafi.

Tækifæri til umbóta felast í að vinna markvissar með verkefnið á öllum deildum og dreifa ábyrgð og þátttöku betur innan starfsmannahópsins.

Markviss málörvun:

Yngri deildir – Björk, Hlíð og Lind

Unnið var með málörvun í gegnum leik og daglegt starf, svo sem samverustundir, hópastarf, matartíma og önnur samskipti. Lögð var áhersla á að nýta dagleg tækifæri til málörvunar, m.a. í gegnum lestur og samtöl við börnin.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11 2026

Tækifæri til umbóta felast í að skipuleggja fleiri stundir í litlum hópum og vinna markvissar með aðferðir eins og „Gefðu 10“. Einnig er mikilvægt að starfsfólk nýti betur þann efnivið sem til staðar er og skrái vinnuna markvissar.

Eldri deildir – Ból og Lækur

Unnið var með málörvun í skipulögðum stundum í litlum hópum, sem og í samverustundum, gönguferðum, spilastundum og í gegnum leik. Börnin sýndu almennt mikinn áhuga á þessum stundum og samverustundir voru nýttar til samræðna og skoðanaskipta.

Tækifæri til umbóta felast í markvissari undirbúningi stundanna, aukinni áherslu á rím, samsett orð og fjölbreytt mál. Einnig er mikilvægt að efla notkun „Gefðu 10“ og tryggja að allt starfsfólk taki þátt í framkvæmd og skráningu.

Mat barna á skólastarfinu

Börnum var gefinn kostur á að tjá sig um líðan og þátttöku í starfinu. Niðurstöður voru almennt jákvæðar en tækifæri eru til að vinna markvissar með niðurstöður og dýpka samtal við börnin.

Haustið 2025 var farið í stöðumat hjá elsta árganginum börnum fædd árið 2020. Börnin eru 16 og einn starfsmaður á elstu deildinni tók viðtal við þau eitt og eitt í einu þar sem hann spurði þau spurninga eins og:

- Færðu að ráða því hvar þú leikur þér?
- Eru börnin góð hvert við annað?
- Er leikskólinn þinn góður staður fyrir öll börn?
- Hver ræður í leikskólanum þínum?
- Hvað ertu búin að læra í leikskólanum þínum?
- Hvað hefur þú lært um réttindi?
- Er hugsað vel um þig í leikskólanum?
- Hvað finnst þér skemmtilegast að gera í leikskólanum?
- Finnst þér þú vera örugg í leikskólanum þínum?

Það voru fimm börn sem töldu að börnin væru ekki alltaf góð hvert við annað, en það er þáttur sem unnið er stöðugt með í leikskólastarfi. Mikill meirihluti barna taldi að kennarar og foreldrar réðu í leikskólanum og heima.

Sex börn voru ekki viss um hvort skólinn væri góður fyrir börn í hjólastól. Einnig sögðust sex börn ekki upplifa sig örugg í leikskólanum. Því miður var starfsmaðurinn ekki nægilega vakandi fyrir því að spyrja nánar út í þessar niðurstöður, en þær voru teknar til umræðu á fundum réttindaráðs barna yfir skólaárið.

Auk þess var endurmat á ákveðnum viðburðum, þó ekki eins markvisst og síðasta vetur vegna aðstæðna í húsnæðinu. Elstu börnin mátu meðal annars útskrift leikskólans og útskriftarferðina, þar sem farið var í heimsókn til Landhelgisgæslunnar og Hjálparsveitar Kópavogs.

Helstu niðurstöður voru þær að börnunum fannst gaman að taka þátt í leikritinu, meðal annars að leika bleika litaskrímslið og vera lausnahetjur. Einnig fannst þeim gaman að halda veislu og

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

fá foreldra til að fylgjast með sýningunni. Eitt barn sagðist hafa fundið fyrir feimni og upplifað það erfitt að koma fram fyrir hópinn.

Útskriftarferðin var almennt mjög vel heppnuð. Börnin nefndu sérstaklega að það hefði verið gaman að fá pylsur, fara í hoppukastala og skoða þyrlur og flugvélar. Flestum fannst ekkert neikvætt við ferðina, þó einu barni hafi ekki fundist flugvélarnar og þyrlurnar skemmtilegar, en aðrir þættir ferðarinnar voru þó metnir jákvætt.

Skimanir (EFI-2 og Hljóm-2)

Niðurstöður voru kynntar foreldrum og gripið til viðeigandi íhlutunar þar sem þörf var á. Flest börn voru í meðal- eða góðri færni.

Ytra mat

Ytra mat er framkvæmt af utanaðkomandi aðilum og hefur það að markmiði að tryggja gæði starfsins og samræmi við lög og reglur. Niðurstöður þess eru nýttar til umbóta og áframhaldandi þróunar í starfi leikskólans.

Helstu niðurstöður 2025–2026:

Foreldrakönnun
Mikil ánægja er með starfsemi leikskólans, sérstaklega stjórnun, tengsl og líðan barna. Helstu umbótatækifæri felast í húsnæði og upplýsingamiðlun.

Starfsmannakönnun
Styrkleikar felast í góðum starfsanda og jákvæðum tengslum við yfirmenn. Áskoranir tengjast vinnuálagi, manneklu og álagi í starfi.

Niðurstöður matsins eru nýttar sem grunnur að umbótaáætlun leikskólans, þar sem lögð er áhersla á markvissar aðgerðir til að efla gæði starfsins og styðja við áframhaldandi þróun.

Ytra mat hefur ekki farið fram hjá heilbrigðiseftirlitinu, vinnueftirlitinu og öryggiseftirliti lóða. Húsvörður gerir mánaðarlegt eldvarnaeftirlit.

5. Umbótaáætlun

Umbótaáætlun leikskólans byggir á niðurstöðum innra og ytra mats. Markmið hennar er að bregðast markvisst við þeim þáttum sem þar komu fram og efla gæði skólastarfsins. Í áætluninni eru skilgreind viðfangsefni, aðgerðir, ábyrgð og viðmið um árangur.

Unnið er með umbótaáætlunina jafnt og þétt yfir skólaárið og er árangur hennar metinn sem hluti af innra mati leikskólans. Nánari útfærsla á umbótaáætluninni má sjá í fylgiskjali 1.

6. Áherslur í starfi leikskólans

Á skólaárinu 2026–2027 verður lögð áhersla á að styrkja áfram faglegt starf leikskólans með skýrum markmiðum, markvissri eftirfylgni og sameiginlegri ábyrgð starfsfólks.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

Sérstök áhersla verður lögð á málörvun, læsi og innleiðingu málstefnu leikskólans, þar sem unnið verður markvisst með orðaforða, tjáningu, hlustun, rím, vísur, ritmál og fjölbreytt samskipti í daglegu starfi.

Áfram verður unnið að endurskoðun skólanámskrár leikskólans með það að markmiði að ljúka þeirri vinnu á skólaárinu.

Leikskólinn hefur hlotið viðurkenningu sem Réttindaskóli UNICEF og verður lögð áhersla á að festa þá vinnu enn betur í sessi, meðal annars með virku réttindaráði barna, barnaþingi og aukinni þátttöku barna í ákvarðanatöku um eigið leikskólastarf.

Leikskólinn tekur jafnframt þátt í þróunarverkefni um innleiðingu lausnahringsins. Markmiðið er að efla sameiginlegt tungumál starfsfólks og barna í samskiptum, lausnaleit og félagsfærni.

Áfram verður unnið með hæfniramma í íslensku og handbók um móttöku barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn. Skoðað hvernig það nýtast betur í daglegu starfi.

„Okkar leikskóli“ er verkefni á vegum Kópavogsbæjar þar sem börn fá úthlutað ákveðnu fjármagni til að ráðstafa í það sem þau vilja. Á síðasta skólaári fengu elstu börn leikskólans að velja hvernig fjármagnið var nýtt og gert er ráð fyrir að sama fyrirkomulag verði á þessu skólaári.

Einnig verður lögð áhersla á að skýra verklag lausnateymis svo stuðningur við börn, foreldra og starfsfólk verði markvissari og sýnilegri.

Í starfi leikskólans er jafnframt lögð áhersla á innleiðingu laga um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna. Markmiðið er að tryggja snemmtækan stuðning, efla samstarf við foreldra og aðra fagaðila og stuðla að heildstæðri þjónustu í samræmi við þarfir hvers barns.

Sérstök áhersla verður lögð á mat á heilsu og vellíðan barna, með stuðningi matslista frá menntasviði Kópavogs.

7. Þróunar- og nýbreytnistarf

Á skólaárinu 2026–2027 verður lögð áhersla á markvissa þróunarvinnu sem styður við faglega uppbyggingu leikskólans og tengist áherslum starfsáætlunarinnar.

Leikskólinn tekur þátt í þróunarverkefni um innleiðingu lausnahringsins í samstarfi við aðra leikskóla í Kópavogi. Markmið verkefnisins er að efla sameiginlegt tungumál í samskiptum, styrkja félags- og tilfinningafærni barna og styðja við lausnamiðaða hugsun í daglegu starfi. Verkefnið felur meðal annars í sér fræðslu fyrir starfsfólk, markvissa innleiðingu í daglegar aðstæður og eftirfylgni í gegnum skipulagsdaga og samstarf.

Jafnframt verður áfram unnið markvisst með Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna með það að markmiði að festa réttindamiðað starf enn frekar í sessi. Lögð verður áhersla á að börn þekki réttindi sín, taki þátt í ákvarðanatöku og að raddir þeirra hafi áhrif á daglegt starf leikskólans.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

Til að efla þátttöku barna verður áfram unnið með réttindaráð barna og stefnt að því að innleiða barnaþing sem vettvang fyrir börn til að tjá skoðanir sínar og hafa áhrif á starf leikskólans.

Þróunarstarfið styður þannig við megináherslur leikskólans um læsi, félagsfærni, lýðræði og virka þátttöku barna og er órjúfanlegur hluti af daglegu starfi og umbótavinnu leikskólans.

8. Foreldrasamstarf

Gott samstarf við foreldra er ein af undirstöðum farsæls leikskólastarfs. Lögð er áhersla á að foreldrar séu vel upplýstir um starf leikskólans og þátttakendur í námi og velferð barna sinna.

Upplýsingamiðlun til foreldra fer fram með reglulegum hætti, meðal annars í gegnum vikulega pósta frá deildum, tilkynningar frá stjórnendum og samskipti í daglegum aðstæðum. Lögð er áhersla á að þróa áfram skýrt og samræmt upplýsingaflæði í samræmi við niðurstöður foreldrakönnunar.

Leikskólinn leggur einnig áherslu á að bjóða foreldrum að taka þátt í starfinu í gegnum viðburði, samverustundir og samskipti í daglegu starfi.

Foreldraráð

Samkvæmt lögum starfar foreldraráð við leikskólann með það að markmiði að styðja við starf hans. Foreldraráð gefur umsögn um starfsáætlun og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans.

Stefnt er að því að funda með foreldraráði að minnsta kosti tvisvar á skólaárinu, einu sinni á hvorri önn, eða oftar ef þörf krefur.

Foreldrafélag

Foreldrafélag er starfandi við leikskólann og tekur þátt í skipulagningu og framkvæmd viðburða. Ný stjórn er kosin að hausti á aðalfundi foreldrafélagsins.

Foreldrafélagið stuðlar að jákvæðu samstarfi foreldra og leikskóla með því að standa fyrir viðburðum og efla þátttöku foreldra í leikskólastarfinu.

Það er hægt að sjá á heimsíðu skólans hverjir sitja í foreldraráði og foreldrafélaginu, hverju sinni.

9. Starfsfólk

Í leikskólanum Álfatúni er gert ráð um 12 stöðugildum á fimm deildum. Svo er 100% staða leikskólastjóra, 50% stjórnunarstaða aðstoðarleikskólastjóra, 50% staða sérkennslustjóra og 175% stöðugildi í eldhúsi. Að auki er ákveðið starfshlutfall til afleysinga vegna veikinda, undirbúningstíma og sérkennslu barna. Skólaárið 2025-2026 fengum við úthlutað 50% stöðu vegna fjölda barna með annað mál en íslensku.

Deildarstjóri er yfirmaður hverrar deildar, en aðrir starfsmenn deilda vinna samkvæmt starfslýsingu fyrir háskólamenntaða starfsmenn í leikskóla eða starfsmenn í leikskóla nema um sé að ræða starf vegna sérkennslu eða annarra sérverkefna. Hluta af vetrinum og fram á vor

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

vorum við með einn starfsmann með skerta starfsgetu í 30% starfi í gegnum Vinnumálastofnun. Vinnuskóli Kópavogs sendir á hverju ári unglinga til starfa í leikskólum Kópavogs og höfum við síðustu ár verið heppin með krakkana sem hafa komið til okkar.

Leikskólaárið 2026-2027 munu starfa í Álfatúni 8 kennarar, fjórir starfsmenn með aðra háskólamenntun og leiðbeinendur. Við erum að gera ráð fyrir að vera með einn aðstoðarleikskólakennari sem er nemi og annar nemi sem eru á öðru ári. Við gerum ráð fyrir að vera með að auki fjóra til fimm nema á fyrsta ári í leikskólakennarafræðum haustið 2026 og einn nema í grunnskólafræðum.

10. Símenntunaráætlun

Símenntun starfsfólks er mikilvægur þáttur í faglegri þróun leikskólans. Markmið hennar er að efla þekkingu, hæfni og fagmennsku starfsfólks í samræmi við áherslur starfsáætlunar og umbótaáætlunar.

Símenntun er skipulögð með hliðsjón af markmiðum leikskólans, óskum starfsfólks og þeim verkefnum sem unnið er að hverju sinni. Lögð er áhersla á að tengja símenntun beint við daglegt starf og þróunarverkefni leikskólans.

Símenntun fer fram með fjölbreyttum hætti, meðal annars í gegnum:

- skipulagsdaga
- starfsmannafundi og fagfundi
- deildarfundi og samráð
- námskeið og fyrirlestra

Starfsfólki er skylt að fara á námskeið sem þeim er ætlað að fara á samkvæmt símenntunaráætlun (sjá fylgiskjal 2) skólans og þau eru haldin á skipulagsdögum, starfsmannafundum eða fyrir utan leikskólann. Síðan hefur Kópavogsbær boðið upp á námskeið í samstarfi við kragann. Þetta eru meðal annars þau námskeið sem starfsfólk sótti: Vinnustofa um börn í biðkvæmri stöðu, trúnaðarmannafræðsla, Biðtíminn, frá frumgreiningu að athugunarferli á Ráðgjafar- og greiningarstöð, TD snap grunnnámskeið, Málþing um adhd Lærdómssamfélagið um menntun og móttöku fjöltyngdra barna, málþing um forvarnir, öryggi og áfallaþol í skólakerfinu, hvernig er hægt að skapa heilbrigða vinnustaðamenningu, fræðsla á vegum Bofs og Mms, móttaka menntun og farsæld barna með flóttabakgrunn, aðalfundur kennarasambandsins.

Skipulagsdagar

Skipulagsdagar eru mikilvægt verkfæri til að efla faglegt starf, styrkja samstarf starfsmanna og skipuleggja starf leikskólans.

Skipulagsdagar skólaárið 2026–2027 verða nýttir til:

- innleiðingar þróunarverkefna (m.a. lausnahringsins)
- fræðslu og símenntunar starfsfólks

Skjal sótt af '000000000000' dags: 10.11.2026

- skipulagningar og endurmats á starfi
- samráðs og samstillingar í starfsmannahópi

Á skipulagsdögum er unnið markvisst að því að þróa starfið í samræmi við áherslur leikskólans, umbótaáætlun og niðurstöður mats á skólastarfi.

Skipulagsdagar í leikskólum Kópavogsbæjar eru fimm á ári. Fjórða hvert ár geta leikskólar sótt um sjötta skipulagsdaginn til leikskólanefndar ef um námsferð erlendis er ræða. Þetta skólaár verður sótt um sjötta skipulagsdaginn vegna námsferðar næst vor.

Skipulagsdagar 2025–2026:

Föstudaginn 26. september 2025 – Farið var yfir áætlanir, svo sem áfalla-, eineltis-, lestrar-, samskipta- og umhverfisstefnu á starfsmannafundi. Síðan voru deildarfundi þar sem unnið var meðal annars að skipulagningu vetrarstarfsins og farið í hugmyndavinnu um hvernig unnið verður með UNICEF-verkefnið og Barnasáttmálann. Einnig var farið yfir umbótaáætlun úr starfsáætlun fyrir veturinn. Starfsfólk fékk fræðslu um málörvun leikskólabarna frá Mörtu og Ágústu talmeinafræðingum hjá Kópavogsbæ. Vetrarstarfið var undirbúið og í lok dags var hópefli.

Miðvikudaginn 12. nóvember 2025 – Byrjað var á starfsmannafundi þar sem meðal annars var farið yfir aðgerðaráætlun og framgang UNICEF-verkefnisins. Unnið var með málörvun í leikskólastarfi og rætt um farsæld barna og hæfniramma í íslensku fyrir börn með fjölbreyttan tungumálabakgrunn. Hlustað var á fyrirlestur um læsi (Guðrún Alda Harðardóttir) og unnið úr spurningalista í framhaldi af honum. Deildarfundir voru haldnir á hverri deild og samráðsfundir á miðhæð og efstu hæð.

Föstudaginn 16. janúar 2026 – Haldið var starfsmannafundur þar sem ýmis mál voru rædd. Dóra Marteinsdóttir, verkefnastjóri hjá Kópavogsbæ, kom og var með fræðslu um börn með fjölbreyttan tungumálabakgrunn. Hlustað var á fyrirlestur um leikvænt umhverfi (Guðrún Alda Harðardóttir), og hver deild vann matslista út frá honum. Framgangur UNICEF-verkefnisins var ræddur og næstu skref ákveðin. Deginum lauk með samantekt. Þessi skipulagsdagur fór að einhverju leyti úr skorðum þar sem rýma þurfti leikskólann vegna myglu, sem hafði áhrif á starf dagsins.

Þriðjudaginn 10. mars 2026 – Byrjað var á starfsmannafundur þar sem hlustað var á fyrirlestur um það sem efst er á baugi í barnahópum, með áherslu á leik og læsi (Guðrún Alda Harðardóttir), og umræður í framhaldi. Einnig fór fram endurmat á skólaárinu 2025–2026, unnið með UNICEF-verkefnið og Barnasáttmálann, auk deildarfunda og tiltektar í húsinu.

Föstudaginn 15. maí 2026 – Deildarfundi og tiltekt í húsinu eftir framkvæmdir, auk merkinga á leikefni. Starfsfólki var skipt í tvo hópa og fóru hlutar þess í skólaheimsóknir í Jörfa í Reykjavík og Skarðshlíðarleikskóla í Hafnarfirði. Á starfsmannafundi var farið yfir ýmis mál og kynntar niðurstöður úr starfsmanna- og foreldrakönnun. Guðný, sérkennslustjóri, rifjaði upp farsældarlögin og Linda, leikskólakennari, fór yfir samskiptasáttmálann okkar (jákvæð

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

samskipti við börn, viðbrögð við erfiðri hegðun o.fl.). Deginum lauk með fundi starfsmannafélagsins þar sem fyrirhuguð námsferð næsta vors var rædd.

Skipulagsdagar skólaárið 2026–2027 verða:

Föstudaginn 25. september 2026 – Fræðsla um þróunarverkefni leikskólans, lausnahringinn. Áætlanir leikskólans kynntar fyrir starfsfólki, deildarfundir haldnir og vetrarstarfið skipulagt.

Miðvikudaginn 11. nóvember 2026 – Starfsmannafundur þar sem farið verður yfir starfsáætlun og umbótaáætlun. Unnið áfram með UNICEF-verkefnið og lausnahringinn. Deildarfundir haldnir og fjallað um starfsumhverfi og áskoranir í starfi.

Föstudaginn 15. janúar 2027 – Skyndihjálparnámskeið fyrir starfsfólk. Einnig deildarfundir og vinna við skipulag og eftirfylgni verkefna.

Þriðjudaginn 9. mars 2027 – Fræðsla um nám og líðan barna. Unnið með umbótaþætti leikskólans og samráð á milli deilda.

Föstudaginn 7. maí 2027 – Námsferð starfsfólks dagana 5.–9. maí, með áherslu á símenntun og faglega þróun.

Miðvikudaginn 5. maí 2027 – Sótt um aukinn skipulagsdag í tengslum við námsferð.

11. Aðrar upplýsingar

Næsta skólaár er áætlað að börnin verði sextán fædd 2021, átta fædd 2022, fjórtán fædd 2023, fjórtán fædd 2024 og tuttugu fædd 2025. Enn eru laus pláss og gert er ráð fyrir að yngri börn bætist í hópinn.

Áætlað er að um 30% barna í Álfatúni hafi annað móðurmál en íslensku. Gert er ráð fyrir að níu börn verði með viðbótarstuðning á skólaárinu 2026–2027.

Nokkuð er um að börn séu í sex stunda vistun og vænta má að svo verði áfram næsta skólaár.

12. Húsnæði og lóð

Undanfarin ár hefur verið unnið að viðhaldi og endurbótum á húsnæði leikskólans vegna ástands og áskorana, meðal annars vegna lyktar á neðstu hæð. Gripið hefur verið til aðgerða, svo sem viðgerða á lögnum og fyllingu á sprungum í gólfplötu, sem hefur skilað betra innilofti. Enn er þó þörf á frekari athugunum og úrbótum.

Húsnæði leikskólans er komið til ára sinna og þarfnast víðtækari endurnýjunar. Gólfefni eru víða slitin, hluti innréttinga orðinn úreltur og rafmagnsbúnaður að hluta til upprunalegur. Þá er einnig þörf á endurbótum á starfsmannaaðstöðu.

Ósk um viðhald skólaárið 2026 – 2027

Helstu viðhaldsþarfir eru:

- Endurbætur á salernisaðstöðu yngstu barna á neðstu hæð

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

- Endurnýjun á hluta gólfefna, sérstaklega í stigagangi
- Lagfæringar á panel, veggjum og innréttingum
- Bætt hljóðvist, m.a. við skrifstofu
- Endurnýjun á hluta starfsmannaaðstöðu

Unnið verður áfram markvisst að því að bæta húsnæði leikskólans til að tryggja öryggi, vellíðan og góð starfsskilyrði barna og starfsfólks.

13. Öryggismál

Í leikskólanum Álfatúni starfar öryggisnefnd og áfallaráð. Hlutverk þeirra er að stuðla að öryggi og heilbrigði barna og starfsfólks og bregðast við atvikum sem geta haft áhrif á líkamlega eða andlega líðan.

Í öryggisnefnd sitja leikskólastjóri og deildarstjóri, sem jafnframt gegnir hlutverki öryggistrúnaðarmanns. Áfallaráð leikskólans er skipað deildarstjórum, sérkennslustjóra, aðstoðarleikskólastjóra og leikskólastjóra.

Slys og atvik eru skráð í gegnum Atvik í samstarfi við Sjóvá. Skólaárið 2025–2026 var lítið um alvarleg slys, einungis minniháttar atvik sem eðlileg eru í daglegu leikskólastarfi.

14. Lokaorð

Á komandi skólaári verður áfram lögð áhersla á að efla faglegt og jákvætt starfsumhverfi þar sem samvinna, traust og ábyrgð eru í fyrirrúmi.
Unnið verður markvisst að því að þróa starfið með hagsmuni og vellíðan barna að leiðarljósi, efla samstarf við foreldra og tryggja að hvert barn fái þann stuðning og þau tækifæri sem það þarf. Með skýru skipulagi, markvissri eftirfylgni og sameiginlegri ábyrgð starfsfólks er markmiðið að styrkja starf leikskólans enn frekar og stuðla að farsælu og öflugu leikskólastarfi.

15. Fylgigögn

Fylgiskjal 1 - Umbótaáætlun

Fylgiskjal 2 - Símenntunaráætlun

Fylgiskjal 3 - Leikskóladagatal

Fylgiskjal 4 - Umsögn foreldraráðs

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

Fylgiskjal 1 – Umbótaáætlun 2026-2027						
Viðfangsefni/markmið	**Vegna**	**Aðgerðir til umbóta**	**Tímarammi**	**Ábyrgð**	**Viðmið um árangur**	**Staða**
Réttindaskóli – dýpkun og festa venjur	Við erum réttindaskóli	Virkja réttindaráð og gera vinnuna sýnilega	Allt árið	Stjórnendateymi leikskólans	Börn taka þátt í ákvörðunum	Framhaldsstig
Innleiðing lausnahringsins	Þróunarverkefni í Kópavogi	Fræðsla á skipulagsdögum, ráðgjöf og fleira.	2026-2028	Stjórnendateymi - kyndilberar	Að allir fái fræðslu um lausnahringinn og hvernig eigi að nýta hann í daglegu starfi	Byrjunarstigi
Nýliðafræðsla	Þörf á góðri móttöku nýliða	Vinna eftir áætlunum, skýra ferlið betur	Allt árið	Stjórnendateymi	Ferlar virka	Framhaldsstigi
Upplýsingamiðlun til foreldra	Foreldrakönnun	Samræma og skipuleggja upplýsingaflæði til foreldra	Allt árið	Leikskólastjóri - stjórnendateymi	Foreldrar upplifi sig vel upplýsta	Byrjunarstigi
Málörvun og læsi	Stefna Álfatúns og þörf á markvissari vinnu / innra mat	Skipuleggja þær aðferðir sem notaðar eru í daglegu starfi leikskólans	Allt árið	Leikskólastjóri/ Sérkennslustjóri / deildastjórar	Að börnin sýni framför í máli og tali	Framhaldsstigi
Vinnuálag	Starfsmanna-könnun	Taka umhyggjusamtöl reglulega – vinna með líðan starfsfólks – finna leiðir til að minnka álag	Allt árið	Stjórnendateymi	Aukin viðvera	Byrjunarstig

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

Setja fast í skipulagið fundir fyrir matsteymi	Innra mat	Setja upp áætlun um fasta fundi í matsteymi	Allt árið	Leikskólastjóri / matsteymi	Ferlar virkir	Byrjunarstigi

Fylgiskjal 2 - Símenntunaráætlun						
Þátttakendur	**Lýsing á námskeiði**	**Markmið**	**Dagsetning**	**Tímafjöldi**	**Kostnaður**	**Ábyrgð**
Allt starfsfólk	Deildafundir	Upplýsingagjöf, fræðsla og fleira	Allt skólaárið	1-2 á mánuði	Unnið í vinnutíma	Deildastjórar / Leikskólastjóri
Allt starfsfólk	Barnasáttmálinn og réttindi barna	Festa í sessi réttindamiðað starf	Allt árið	5-6 tímar	Unnið í vinnutíma	Stjórnendateymi leikskólans
Nýtt starfsfólk	Nýliðafræðsla	Farið yfir starfsmannahandbókina	1x mánuði í a.m.k. 3 mánuði	ca. 15-30 mín í hvert skipti	Unnið á vinnutíma	Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og mentor
Allt starfsfólk	Lausnahringurinn	Efla lausnamiðað vinnulag, sameiginlegt tungumál, samskipti og lausnaleit	Allt skólaárið	Starfsmannafundir skipulagsdagar – tímafjöldi óákveðin fer eftir framgangi verkefnisins	Unnið á vinnutíma og jafnvel eitthvað í yfirvinnu	Stjórnendateymi leikskólans

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

Fagfólk	Fagfundir	Fræðilegar umræður og stefnumótunarvinna	1 x á önn	3 tímar x2 = 6 tímar	Tekið af yfirvinnukvóta	Leikskólastjóri
Allt starfsfólk	Árleg yfirferð á áætlunum og stefnum skólans.	Kynna og fræða starfsfólk um þær stefnur og áætlanir sem unnið er eftir	25. september	5 tímar	Unnið á vinnutíma	Leikskólastjóri
Allt starfsfólk	Skyndihjálpanámskeið	Gera starfsfólk öruggt í neyðartilvikum	15. janúar	4-5 tímar	Unnið á vinnutíma	Leikskólastjóri
Allt starfsfólk	Málörvun og læsi	Auka þekkingu og meðvitund um mikilvægi málörvunar	Allt skólaárið	1x í mánuði	Unnið á vinnutíma	Leikskólastjóri
Allt starfsfólk	Farsæld barna	Kynning fyrir allt starfsfólk á starfsdegi	Skipulagsdegi	1 x yfir skólaárið	Unnið á vinnutíma	Sérkennslustjóri sér um kynningu
Allir starfsmenn	Bæta liðsheild	Bæta samstarf	9. mars	2 tímar	Unnið á vinnutíma	Stjórnendateymi
Deildastjórar	Deildastjórafundir	Skapa umræður um starfið og samstilling stjórnendateymis	7-10 daga fresti	1 til 1,5 tímar í senn	Unnið á vinnutíma	Leikskólastjóri

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

Fylgiskjal 3 - Skóladagatal 2025-2026

Samband íslenskra sveitarfélaga

Skóladagatal 2026 - 2027

Nafn skóla: Leikskólinn Álfatún

	ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ
1	L	Þ Önnur aðlögun	F	G	Þ Fullveldisdagurinn	F Nýársdagur	M	M	F	L Verkalýðsdagurinn	Þ
2	G	M Önnur aðlögun	F Fagnaðarfundur	M	M	L	Þ	Þ	F Fagnaðarfundur	G	M
3	M Fridagur verslunarmanna	F Önnur aðlögun	L	Þ	F	G	M	M	L	M	F
4	Þ Sumarlokun	F Fagnaðarfundur	G	M	F Jólastund með foreldrum	M	F	F	G	Þ	F Fagnaðarfundur
5	M Sumarlokun	L	M	F	L	Þ	F Fagnaðarfundur Dagur leikskólans	F Fagnaðarfundur	M	M Skipulagsdagur	L
6	F Opnar 13:00	G	Þ	F Fagnaðarfundur	G	M Þrettándinn	L Dagur leikskólans	L	Þ	F Uppstigningardagur	G Sjómannadagurinn
7	F	M Önnur aðlögun	M	L	M	F	G	G	M	F Skiuplagsdagur	M
8	L	Þ Dagur læsis	F	G Sérkennsludagur gegn einelti	Þ	F Fagnaðarfundur	M Bolludagur	M	F	L	Þ
9	G	M	F Fagnaðarfundur	M	M	L	Þ Sprengidagur	Þ Skipulagsdagur	F Fagnaðarfundur	G	M
10	M Aðlögun milli deilda	F	L	Þ	F Jólaball og jólamatur	G	M Öskudagur	M	L	M	F
11	Þ Aðlögun milli deilda	F Fagnaðarfundur	G Fæðingardagur fyrsta íslenska (HT)	M Skipulagsdagur	F Fagnaðarfundur	M	F	M	G	Þ afmæli Kópavogs	F Fagnaðarfundur
12	M Aðlögun milli deilda	L	M	F	L	Þ	F Fagnaðarfundur	F Fagnaðarfundur	M	M	L
13	F Aðlögun milli deilda	G	Þ	F Fagnaðarfundur	G	M	L	L	Þ	F	G
14	F Fagnaðarfundur	M	M	L	M	F	G	G Dagur sjúkraliðanna	M	F Fagnaðarfundur	M
15	L	Þ	F	G	Þ	F Skipulagsdagur	M	M	F	L	Þ
16	G	M Dagur íslenskrar náttúru	F Fagnaðarfundur	M Dagur íslenskrar tungu	M	L	Þ	Þ	F Fagnaðarfundur	G Hvítasunnudagur	M
17	M	F	L	Þ	F	G	M	M	L	M Annar í Hvítasunnu	F Ljóðveldisdagurinn
18	Þ Fyrsta aðlögun	F Fagnaðarfundur	G	M	F Fagnaðarfundur	M	F	F	G	Þ	F Fagnaðarfundur
19	M Fyrsta aðlögun	L	M	F	L	Þ	F Fagnaðarfundur Konudagur	F Fagnaðarfundur	M	M	L
20	F Fyrsta aðlögun	G	Þ	F Fagnaðarfundur/Foreldrad.	G	M	L	L	Þ	F	G
21	F Fagnaðarfundur	M	M	L	M	F	G Konudagur - Upphef Góu	G Pálmasunnudagur	M	F Fagnaðarfundur	M
22	L	Þ Þriðja aðlögun	F Skráningardagar	G	Þ	F Bóndadagur - Upphef Þorra Fagnaðarfundur	M Skráningardagar	M Skráningardagar	F Sumardagurinn fyrsti	L	Þ
23	G	M Þriðja aðlögun	F Skráningardagar	M	M Þorrablómmessa / Fagnaðarfundur	L	Þ Skráningardagar	Þ Skráningardagar	F Fagnaðarfundur	G	M
24	M Fyrsta aðlögun	F Þriðja aðlögun	L Fyrsti vetrardagur	Þ	F Aðfangadagur jóla	G	M	M Skráningardagar	L	M	F
25	Þ	F Skipulagsdagur	G	M	F Jóladagur	M	F	F Skírdagur	G	Þ	F Fagnaðarfundur
26	M	L Evrópski tungumáladagurinn	M Fjölmenningarvika	F	L Annar í jólum	Þ	F Fagnaðarfundur	F Föstudagurinn langi	M	M	L
27	F	G	Þ Fjölmenningarvika	F Fagnaðarfundur	G	M	L	L	Þ	F	G
28	F Fagnaðarfundur	M Þriðja aðlögun	M Fjölmenningarvika	L	M Skráningardagar	F	G	G Páskadagur	M	F Fagnaðarfundur	M
29	L	Þ Þriðja aðlögun	F Fjölmenningarvika	G	Þ Skráningardagur	F Fagnaðarfundur		M Annar í Páskum	F	L	Þ
30	G	M	F Afmæli leikskólans/Bangsi	M	M Skráningardagur	L		Þ	F Fagnaðarfundur	G	M
31	M		L		F Gamlársdagur	G		M		M	

Skipulagsdagar | Sérstakir viðburðir í Álfatúni | Dagar með þáttöku foreldra | Almennir frídagar og stórhátíðir | Fagnaðarfundur í sal

Foreldraviðtöl í febrúar og mars. Það fyrir utan er hægt að ná í deildarstjóra í síma í undirbúningstíma

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

Fylgiskjal 4 - Umsögn foreldraráðs

Foreldrafélag Álfatúns vill lýsa yfir ánægju með starfsemi leikskólans og þá starfsáætlun sem lögð er fram fyrir skólaárið 2025-2026. Foreldrafélag staðfestir að hafa lesið yfir starfsáætlunina og gerir enga athugasemd við hana. Starfsáætlunin sýnir djúpa ígrundun, markvissa stefnuvinnu og stöðuga þróun.

Leikskólinn vinnur skipulega með Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og leggur áherslu á að börnin fái rödd og áhrif innan síns daglega umhverfis. Foreldraráð telur mikilvægt að börnin upplifi að skoðanir þeirra skipti máli og séu teknar alvarlega, en jafnframt að leikskólinn setji skýr mörk og styðji börnin í að læra ábyrgð, samvinnu og virðingu fyrir öðrum.

Leikskólinn nýtir Fossvogsdalinn markvisst í daglegu starfi. Svæðið býður upp á fjölbreytta möguleika til leiks og náms og hefur það skipt máli, sérstaklega í ljósi þess að lóð leikskólans er ekki nægilega stór til að öll börnin geti verið úti á sama tíma. Með því að nota Fossvogsdalinn á þennan hátt nær leikskólinn að tryggja börnunum góða útivist og fjölbreytt tækifæri til hreyfingar og samveru.

Leikskólinn er duglegur að bregðast við mönnunarvanda. Það hefur sjaldan komið fyrir að börn þurfi að vera heima vegna manneklu, sem er mikilvægur þáttur í öryggi og rútínu barnanna – og jafnframt léttir fyrir foreldra.

Foreldrafélagið vill koma á framfæri uppbyggilegri ábendingu varðandi aðlögun barna að hausti. Mikilvægt er að sama starfsfólk sinni aðlögun – sérstaklega hjá yngstu börnunum. Ný andlit á hverjum degi geta reynst þeim erfið og því væri æskilegt að tryggja að þeir starfsmenn sem taka þátt í aðlögun fari ekki í frí á þeim tíma. Þannig skapast betri aðstæður fyrir börnin til að mynda traust tengsl, sem er grundvöllur öruggra fyrstu skrefa í leikskólastarfi.

Mikilvægt er að ráðist verði í nauðsynlegar lagfæringar á húsnæði leikskólans til að tryggja öryggi, aðgengi og velferð barna og starfsfólks. Þessar lagfæringar eru ekki aðeins til bóta heldur nauðsynlegar með tilliti til öryggis, hreinlætis og faglegra starfsskilyrða. Ástandið hefur þegar leitt til athugasemda frá eftirlitsaðilum og gæti haft áhrif á starfsemi leikskólans til framtíðar ef ekki verður brugðist við tímanlega.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

Á yngstu deildunum er umönnunarþörf barnanna mjög mikil. Starfsfólk þarf reglulega að fara frá hópnum vegna bleiuskipta, hvíldar, matar eða annars sem krefst einstaklingsathygli. Ef grunnstöðugildi deilda er 2.2-2.5 þegar slíkt gerist yrði aðeins 1 starfsmaður eftir með allt að 13 börn. Það er bæði ófaglegt og hættulegt – hvorki hægt að tryggja öryggi né veita þá athygli og umönnun sem börnin þarfnast. Við viljum leggja áherslu á að til að hægt sé að veita börnunum það umhverfi sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum og reglugerðum, þarf að endurskoða grunnstöðugildi og tryggja að lágmarksfjöldi starfsmanna á hverri deild sé í samræmi við raunverulegar þarfir.

Leikskólinn Álfatún er að okkar mati til fyrirmyndar í öllu sínu starfi – hvort sem litið er til faglegra vinnubragða, viðmóts starfsfólks eða jákvæðrar upplifunar barna og foreldra. Við í foreldraráði styðjum starfsáætlun leikskólans og hlökkum til að fylgjast með framgangi skólans á komandi skólaári.

F.h. foreldraráðs, 21.október 2025
Erla Steina Sverrisdóttir
Hildur Soffía Ýr Shahsafdari Gunnarsdóttir
Sandra Ýr Andrésdóttir

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026